

## 1004. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 4. júní 2008 kl. 18:15 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru : Gunnar Páll Pálsson, Stefanía Magnúsdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Bjarndís Lárusdóttir, Gunnar Böðvarsson, Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir, Jón Magnússon, Lykke Bjerre Larsen, Margrét Sverrisdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Valur M. Valtýsson, Steinar J. Kristjánsson, Jón Hrafn Guðjónsson og Kristín Sigurðardóttir sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar yfirfarin. Samþykkt og undirrituð.

### 2. Stefnumótun

Framhaldsfundur um stefnumótun félagsins verður haldinn í haust.

Við þurfum að huga að því að laða ungt fólk til okkar. Nauðsynlegt er að sameina réttindi ungs fólks í hinum ýmsu félögum, þannig að einhver réttindi skapist. Skrifstofa VR mun setja upp minnisblað fyrir áframhaldandi stefnumótunarfund í haust

### 3. Orlofsmál

Gunnar Páll lagði fram tillögu um breytt fyrirkomulag orlofsmála hjá félaginu. Stjórn VR gefur heimild til þess að vinna málið frekar og fá arkitekta til að teikna upp hugmyndir.

### 4. Austurland

Búið er að samþykkja sameiningu. Afrit af samningi lagður fyrir.

### 5. Fjarfundarbúnaður

Gunnar Páll lagði fram minnisblað. Nauðsynlegt er að tengja fjarfundarbúnað austur og var samþykkt að endurnýja búnaðinn og færa hann í stafrænt kerfi.

### 6. Grunnskóla/framhaldsskólafræðsla

Mikil aukning hefur verið á grunnskólafræðslu á vegum VR. Þykja kynningarnar hafa tekist afar vel. Nú hafa framhaldsskólar og háskólar bæst í hópinn og óskað eftir kynningum. Það er því samþykkt að láta útbúa nýjar kynningar sem miða beint að þessum eldri hóp.

### 7. Jafnréttisstefna

Jafnréttisstefna félagsins lögð fram. Ákveðið að láta hana liggja á milli funda ef stjórnarmenn hafa athugasemdir.

### 8. FÍS samningarnir

Gunnar Páll lagði fram minnisblað um niðurstöðu kosninga samningsins. Lítil þátttaka var í kosningu og ljóst að félagsmönnum FÍS fer fækkandi.

### 9. Eldri félagar og 65 ára

Gunnar Páll lagði fram minnisblað vegna eldri félaga VR. Nauðsynlegt er að útbúa skýrar reglur um aðkomu þeirra að félaginu. Umræður urðu nokkrar um

þennan lið. Skrifstofu VR falið umboð til þess að koma með tillögu að reglu um eldri félagsmenn.

#### **10. Ársfundur ASÍ**

Gunnar Páll fékk umboð stjórnar til að flytja tvær tillögur á næsta ársfundi ASÍ. Annars vegar óskar félagið eftir lækkun á skatti til ASÍ og hins vegar leggur VR til, að í stað ársfundar verði haldið þing á tveggja ára fresti.

#### **11. Fréttir af skrifstofu**

Gunnar Páll lagði fram tölulegar skýrslur um framgang félagsins. Fjölgun félagsmanna er 6% á milli janúar 2007 og janúar 2008. Þá eru hlutföll kynjanna að jafnast. Erlendum félagsmönnum hefur fjölgað undanfarin tvö ár, en eitthvað hefur þó dregist saman á síðustu mánuðum. Launamundur kynja hefur farið jafnt og þétt minnkandi frá því að VR setti jafnréttismálin á oddinn. VR varasjóður er að þróast í rétta átt, þ.e.a.s í það að verða varasjóður félagsmanna þar sem ekki er tekið út á hverju ári.

#### **12. Styrkir – Jafnréttisstofa**

Styrkbeiðni frá Jafnréttisstofu lögð fram. Beiðni hafnað.